

um þróun iðnaðar á Vesturlandi.

Flm.: Ingiberg J. Hannesson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraðað verði gerð áætlana um iðnþróun á Vesturlandi til þess að treysta atvinnugrundvöll í kjördæminu, einkum þar sem atvinnuástand er ekki öruggt og þar sem iðnaður gæti fyllt upp í og skapað öryggi í atvinnu við hlið hinna hefðbundnu atvinnugreina í sjávarútvegi og fiskvinnslu, landbúnaði, verslun og hinum ýmsu þjónustugreinum.

Greinargerð.

Það er alkunna, að við á um byggðir landsins er brýn þörf á því, að unnið verði skipulega að gerð áætlana um atvinnuuppbyggingu og þróun iðnaðar til þess að treysta atvinnugrundvöll og þar með afkomuöryggi fólks, sem ekki getur komist að í hinum hefðbundnu atvinnugreinum né er þess umkomið sökum heilsufars, aldurs eða af öðrum ástæðum að taka þátt í helstu framleiðsluatvinnugreinum þjóðarinnar.

Unnið hefur verið að gerð áætlana um þessi efni af Framkvæmdastofnun ríkisins — og er vonandi að þar miði í rétta átt. En þörfin er hins vegar víða brýn og aðkallandi og erfitt mörgum byggðarlögum að bíða árum saman eftir samningu áætlana um verkefni, sem hrinda þyrfti í framkvæmd hið fyrsta, ef vel ætti að vera. Víða standa menn frammi fyrir þeirri staðreynd, að ungar, vinnandi hendur verða að flýja byggðarlög sín og fara annað í atvinnuleit til þess að geta skapað sér framtíðarmöguleika við samilegt atvinnuöryggi. Þetta gildir auðvitað fyrst og fremst um þéttbýlið, þar sem vinnuaflið er mest, en einnig og í sumum tilvikum ekki síður í hinum þéttbýlli sveitum, þar sem ungt fólk getur ekki komist að við landbúnaðarstörf, en vill þó vera um kyrrt í heimabyggð sinni og taka þar til höndum við atvinnuuppbyggingu í einhverri mynd.

Víða hefur þó, sem betur fer, verið lyft grettistöfum í þessum efnum, þar sem sett hafa verið á stofn lítil iðnfyrirtæki, sem fyllt hafa upp í skörðin og skapað viðfangsefni og veitt þjónustu í ýmsum myndum. En betur má ef duga skal í þessum efnum. Tækifærin eru mörg og margháttuð, og margvísleg eru til að mynda þau jarðefni, sem fólgin eru í jörðu, sem verða mættu grundvöllur iðnaðar í einhverri mynd. Má í því sambandi nefna í Vesturlandskjördæmi vinnslu perlusteins, svo og hugsanlegan iðnað byggðan á vinnslu leirs, sem mikið er til af í Dalasýslu, og svo mætti lengi telja.

Hinir fjölmennari staðir kjördæmisins, svo sem Akranes, Borgarnes, Ólafsvík, Hellissandur og Rif, Stykkishólmur, Grundarfjörður og Búðardalur hafa á liðnum árum tekið stakkaskiptum og lagt mikið af mörkum til byggðaþróunar og uppbyggingar í atvinnulegu tilliti.

Sjávarplássin leggja eðlilega mesta áherslu á vinnslu sjávarafurða, þar sem aðallega er þó um að ræða frumvinnslu, en nýting og fullvinnsla þeirra afurða á enn langt í land með að verða svo sem æskilegt er og nauðsynlegt til þess að þjóna sem best í atvinnulegu og markaðslegu tilliti. Þar er að ýmsu unnið, en þó meira ógert.

Þar sem sjávarafli nýtur ekki við, er aðallega byggt á margvíslegri þjónustu við landbúnaðinn og vinnslu á þeim afurðum, sem hann gefur af sér. En þar er einnig margt óunnið, sem huga þarf að.

Á sumum þessara staða hefur ýmis annar iðnaður risið samhliða vinnslu aðal- atvinnugreinanna, og þarf að auka þá möguleika svo sem kostur er. Hinir fámennari

staðir ásamt sveitunum eru víðast hvar í mikilli þörf fyrir aðstöðu til uppbyggingar í þessu tilliti. Þannig þróast þessi mál smám saman samhliða útpenslu byggðarinnar og fjölgun þess fólks, sem út á vinnumarkaðinn kemur.

Hins vegar er nauðsynlegt, að opinberir aðilar geri ákveðnar tillögur í þessu sambandi, sem séu í samræmi við þá afkomumöguleika sem viðkomandi atvinnugreinar fælu í sér. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt, — til að freista þess að ýta á þessi mál og fá fram áætlanir og hugmyndir manna, sem einbeita sér að slíkri áætlanagerð, og til að forðast mistök, sem oft eiga sér stað í þessum efnum, þegar unnið er oft á tíðum meira af kappi en forsjá og oft óskipulega og fyrirtækin ekki byggð á nægilega traustum grunni frá byrjun. Hér gildir oft að fara gætilega af stað og forðast að taka stökk í stað skrefa, en undirbúa málin vel áður en hrundið er úr vör.

Íslenskt þjóðfélag er í stöðugri og hraðri mótun og hefur tekið stakkaskiptum á skömmum tíma frá tillölulega frumstaðu bændaþjóðfélagi til iðnvædds nútímaþjóðfélags, sem byggir á vaxandi tæknipokkingu og hagræðingu á ýmsum sviðum. Því er nauðsynlegt að samfara hagnýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar fari skynsamleg áætlanagerð um nýtingu þeirra og uppbyggingu, sem verða mun þjóðinni til sem mestra hagsbóta þegar tímar líða.